



**82. fundur Byggðaráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 25. apríl 2023
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Ásrún Mjöll Stefánsdóttir varamaður, Þróstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

Fundargerð ritaði: Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnsýslusviði

Dagskrá:

1. 202301003 - Fjármál 2023

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

2. 202301126 - Atvinnulóðir í Múlapingi

Fyrir liggur bókun frá fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs, dags. 17.04.2023, varðandi möguleg kaup á landi.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir að fela sveitarstjóra að taka upp viðræður við eigendur lands, er tengist landi sveitarfélagsins til suðurs, varðandi möguleg kaup sveitarfélagsins á því landi, fyrir blandaða byggð.

Er niðurstöður liggja fyrir verður málið tekið fyrir að nýju hjá byggðaráði.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

3. 202209205 - Gjaldskrár 2023

Fyrir liggur tillaga að uppfærðri gjaldskrá fyrir félagsheimilið Hjaltalund.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá fyrir félagsheimilið Hjaltalund og vísar henni til sveitarstjórnar til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

4. 202302128 - Fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 2023

Fyrir liggja fundargerðir stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 24.03. og 04.04.2023.



Lagt fram til kynningar.

5. 202301190 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2023

Fyrir liggja fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31.03., 05.04. og 17.04. 2023.

Lagt fram til kynningar.

6. 202302044 - Fundargerðir stjórnar HEF 2023

Fyrir liggja fundargerðir stjórnar HEF veitna, dags. 23.03. og 18.04.2023 auk fundargerðar aðalfundar HEF veitna dags. 23.03.2023.

Lagt fram til kynningar.

7. 202304091 - Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2023

Fyrir liggur boð til aðalfundar landskerfis bókasafna sem haldinn verður þriðjudaginn 9. maí 2023 í Reykjavík.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að fela atvinnu- og menningarmálastjóra að sitja fyrirhugaðan aðalfund Landskerfis bókasafna 09.05.2023 sem fulltrúa sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

8. 202304079 - Styrkleikarnir, Egilsstaðir 2023

Fyrir liggur erindi frá Krabbameinsfélagi Austurlands þar sem vakin er athygli á atburði, Styrkleikunum, sem haldinn verður á Egilsstöðum 26.-27. ágúst 2023.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings fagnar því að Styrkleikarnir verði haldnir á Egilsstöðum 26.-27. ágúst 2023 og hvetur íbúa og fyrirtæki innan sveitarfélagsins til að kynna sér tilefni þessa viðburðar og að taka þátt.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

9. 202206247 - Erindisbréf nefnda

Inn á fundinn undir þessum lið kom Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri, og fór yfir tillögur að uppfærslum á erindisbréfum heimastjórna.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir að erindisbréf heimastjórna verði uppfærð í samræmi við fyrirliggjandi tillögur og felur skrifstofustjóra framkvæmd málsins

Samþykkt með 3 atkvæðum, tveir sátu hjá (HP,ÁMS)

Gestir



Óðinn Gunnar Óðinsson - 09:45

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00

